

Svör Alþýðufylkingarinnar við spurningalista Íþróttabandalags Reykjavíkur:

1. Hvað vill þitt framboð gera í íþróttamálum á næsta kjörtímabili?

Flokkurinn vill auka framlög til íþróttamála hjá borginni, en jafnframt gæti þess að jafnræði ríki milli íþróttagreina, íþróttafélaga og kynja, þegar kemur að úthlutun styrkja. Það gengur ekki að sum íþróttafélög og sumar íþróttagreinar séu að njóta meiri velvildar hjá borginni, vegna tengsla embættismanna og styrkjarnefndarmanna við sum af stærri íþróttafélögum í borginni.

2. Hver er afstaða ykkar til afreksstarfs í Reykjavík? Teljið þið rétt að vera með bein fjárframlög til afreksstarfs eins og tíðkast í sumum nágretta-sveitarfélögum?

Það er mikill skortur á markvissari afreksstefnu og þetta snýst ekki endilega um peninga, heldur að læra af nágrannalöndum okkar, jafnvel fara í smíðju gömlu austur evrópu, sem framleiddi afreksíþróttamenn á færibaldi á síðustu öld. Við eigum að styrkja okkar besta íþróttafólk, enginn spurning.

3. Hver er afstaða ykkar til þjóðarleikvanga, uppbyggingu þeirra og reksturs?

Þjóðarleikvangur Íslendinga Laugardalsvöllur er fyrir löngu kominn á tíma, sem opinn knattspyrnuvöllur eða fjölnota leikvangur. Þeir peningar sem verða lagðir í nýjan þjóðarleikvang munu margfalt skila sér til baka í auknum lífsgæðum fyrir borgarbúa og landsmenn alla. Framtíðarsýnin er fjölnota íþróttavöllur með c.a 30.000 sætum með þaki, sem hægt er að opna og loka eftir þörfum. Horfum þá sérstaklega til Parken í Kaupmannahöfn sem góða fyrirmynd um framtíðarþjóðarleikvang. Þetta verkefni á ekki að taka langan tíma, því vilji er allt sem þarf.

4. Hver er afstaða ykkar til frístundaaksturs í hverfum borgarinnar?

Frístundaakstur í hverfum borgarinnar ætti að vera sjálfsagt mál í öllum hverfum í stærsta sveitafélagi landsins, enginn spurning. Við ættum alls ekki að standa öðrum nágrettasveitafélögum að baki í þessum efnum.